

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag í opinbera heimsókn til Finnlands.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 11. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga til búrekstrar á jörðum þeirra árin 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuidum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til trygginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum. Ákvörðun um lánakjör skal tekin af bankaráði Búnaðarbanka Íslands að höfðu samráði við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkvæmt lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum.